



Þriðja smáforritið sem kynnt er í jólaþema 2017 er Office Lens frá Microsoft. Með forritinu breytist snjalltækið í skanna fyrir skjöl, nafnspjöld, kvittanir eða vörpun frá skjávarpa. Myndina er hægt að vista á mjög fjölbreyttan hátt m.a. beint í myndagallerí, OneDrive, Google Drive, Dropbox, sem PDF skrá, OneNote eða senda með tölvupósti eða deila á samfélagsmiðla.

Smáforritið er ókeypis fyrir [iOS](#), [Android](#) og [Windows](#) stýrikerfin. Ef þú tengir Microsoft aðgang við getur þú vistað myndirnar beint í OneNote, Word, OneDrive eða PowerPoint. En það er ekki nauðsynlegt til þess að nota forritið.

Ég hef notað þetta smáforrit síðan það kom út fyrir iPhone og Android í apríl 2015. Fyrst fannst mér gaman að skanna inn innkaupastrimla (ætlaði að vera rosalega dugleg að fylgjast með verðlaginu). Núna nýti ég mér það sem nemandi í kennslustundum eða þátttakandi á ráðstefnum til þess að skanna það sem varpað er upp af skjávörpum. Þá skiptir ekki máli hvar ég er staðsett í salnum eða kennslustofunni af því forritið klippir og snýr myndinni eins og að linsan sé staðsett beint fyrir framan viðfangsefnið. Þetta hjálpar sérstaklega þegar sést illa á töflu/skjákynningu.